

REGLUGERÐ

um skemmtanaskatt í Hveragerðishreppi í Árnessýslu.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 22. nóv. 1918, sbr. lög nr. 30 19. júní 1922 og lög nr. 61 21. júní 1938, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, sem haldnar eru í Hveragerðishreppi, og aðgangur er seldur að, og eigi eru með lögum undanþegnar skatti.

2. gr.

Þessar skemmtanir eru skattskyldar og flokkast þannig:

1. flokkur:

- a. Fyrirlestrar og upplestrar.
- b. Söngur.
- c. Sjónleikir.
- d. Kappleikir og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.

2. flokkur:

- a. Dansleikir.
- b. Hljómleikir.
- c. Loddara- og fjölleikasýningar.
- d. Allar aðrar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að og ekki eru taldar hér sérstaklega.

3. gr.

Af skemmtunum þeim, sem undir fyrsta flokk heyra, skal greiða 10% af aðgangseyri, og af þeim, sem taldar eru í 2. flokki 20%. Ef skemmtun er margþætt, skal miða skattinn við þann þátt hennar, sem hæst er skattlagður.

4. gr.

Undanþágu frá skattgreiðslu getur hreppsnefnd veitt, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, t. d. fyrir skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðarskyni eða fræðslu, eða til styrktar menningar- og framfaramálum hreppsins.

5. gr.

Hreppsnefnd Hveragerðishrepps hefur eftirlit með, að reglugerð þessari sé hlýtt, sér um innheimtu skattsins og hefur eftirlit með skemmtunum.

Hún getur ráðið sérstakan mann til að annast þetta starf fyrir sína hönd, og nefnist hann eftirlitsmaður skemmtana.

6. gr.

Hver sá, sem halda vill skemmtun, skal tilkynna það oddvita eða eftirlitsmanni skemmtana, hvar og hvenær hún skuli haldin, og afhenda honum til stimplunar í tæka tíð alla þá aðgöngumiða er nota á við skemmtunina.

Eigi síðar en 2 dögum eftir að samkomu er lokið, skal sá, er fyrir henni stóð, afhenda oddvita eða eftirlitsmanni alla ónotaða aðgöngumiða og greiða um leið skatt, skv. 3. gr. þessarar reglugerðar, af öllum þeim miðum, sem notaðir hafa verið.

7. gr.

Oddviti eða eftirlitsmaður getur gert eftirtalin atriði að skilyrði fyrir stimplun aðgöngumiða:

- 1. Að aðgöngumiðar séu þannig gerðir, að þeir verði hæglega rifnir í tvennt, þegar

þeir eru notaðir, þannig að dyravörður haldi öðrum hlutanum, en aðgangskaupandi hinum. 77

19. maí

2. Að honum sé afhent sem tryggingarfé fjárupphæð, er svarar til skemmtanaskatts af öllum hinum stimpluðu miðum.
3. Að ekki annist aðrir dyravörzlu á skemmtun en hann samþykkir, enda skuldbindi þessir menn sig gagnvart honum til þess að hleypa engum öðrum inn á skemmtun en þeim, sem afhenda aðgöngumiða, stimplaðan skemmtanaskattsstimplinum.

8. gr.

Forstöðumaður skemmtunar ber ábyrgð á greiðslu skatts af henni. Ef fleiri en einn maður stendur fyrir skemmtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn, eða ef um félag er að ræða, þá allir stjórnendur þess á sama hátt.

9. gr.

Eftirlitsmaður skemmtana færir inn í sérstaka bók nafn forstöðumanns, tegund skemmtunar og hvar og hvenær hún skuli haldin. Á eftir því sem skráð er í bókina um hverja skemmtun, skal ætla nægilegt rúm til þess að innfæra þar fjölda miða þeirra, sem afhentir voru forstöðumanni til sölu, gegn kvittun hans, ritaðri í bókina, að innfæra þar miða þá, sem ekki seljast og skilað er aftur og að innfæra útreikning skattsins af seldum miðum. Nú fellur leyfi til skemmtunar niður, og skal þess þá getið í bókuninni. Nú sannar forstöðumaður fyrir eftirlitsmanni á þann hátt, sem hann telur fullnægjandi, að nokkru af miðum hafi verið útbýtt ókeypis, og er þá rétt, að ekki sé greiddur skattur af þeim miðum, ef eftirlitsmaður telur þá miða í skemmtanaskattsbókinni meðal skilaðra miða.

10. gr.

Skatttekjur samkvæmt reglugerð þessari renna í sveitarsjóð, en halda skal fénu aðskildu frá öðrum tekjum hreppsins, og verja til hvers konar menningar- og framfaramála í Hveragerðishreppi, eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar á hverjum tíma.

11. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 1000.00. Mál út af brotum á reglugerð þessari sæta meðferð opinberra mála.

12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í lögum nr. 34/1918, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 19. maí 1960.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Knútur Hallsson.